



LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Samningur um viðskiptavakt skuldabréfa á eftirmarkaði og aðgang að útboðum

Samningur um viðskiptavakt skuldabréfa á eftirmarkaði og aðgang að útboðum.

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, hér eftir nefndur lánasjóðurinn, og xxxxxxxxxxxxxxxx., kt. xxxxxxxxxxxx, hér eftir nefndur viðskiptavaki, gera með sér eftirfarandi samning í tengslum við útgáfu skuldabréfa lánasjóðsins og viðskiptavakt á OMX Nordic Exchange á Íslandi. Samningur þessi er samhljóða samningum sem gerðir hafa verið við aðra viðskiptavaka. Markmið þessa samnings er að viðhalda aðgengi Lánasjóðsins að lánsfé og að efla verðmyndun á eftirmarkaði með skuldabréfin og stuðla að auknum seljanleika þeirra.

1. gr.

Útboð skuldabréfa og aðgangur viðskiptavaka að þeim

- (i) Útboð skuldabréfa Lánasjóðsins verða haldin með reglubundnum hætti og tilkynnt í fréttakerfi OMX Nordic Exchange á Íslandi a.m.k. tveimur viðskiptadögum fyrir útboð.
- (ii) Einungis fjármálafyrirtæki hafa heimild til þess að leggja fram tilboð í útboðum skuldabréfanna.
- (iii) Eftir að niðurstöður útboðs skuldabréfanna liggja fyrir geta fjármálafyrirtæki farið fram á að lánasjóðurinn selji allt að 10% af nafnverði þess sem selt var í útboðinu til kaupenda á meðalverði samþykktra tilboða allt til kl. 12.00 á næsta virka degi eftir að útboði lýkur. Ef umfram eftirspurn verður í útboðinu eiga kaupendur, sem eiga samþykkt tilboð í undangengnu útboði, kauprétt í réttu hlutfalli við það magn sem þeir hafa keypt í útboðinu. Lánasjóðurinn áskilur sér rétt til að selja meira en 10% í viðbót ef eftirspurn er eftir því.

2. gr.

Skyldur viðskiptavaka á eftirmarkaði

Viðskiptavaki skuldbindur sig til þess að setja fram kaup- og sölutilboð í OMX Nordic Exchange á Íslandi fyrir opnun markaðar í þá flokka sem falla undir 4. grein. Tilboð skulu að lágmarki vera 20 m.kr. að nafnverði. Jafnframt er viðskiptavaka skylt að endurnýja tilboð sín í kauphöllinni innan 15 mínútna frá því að þeim hefur verið tekið.

Hámarksmunur kaup- og sölutilboða viðskiptavaka ákvarðast af verði gildra tilboða og má mest vera 1,0%.

Eigi viðskiptavaki viðskipti á einum viðskiptadegi fyrir 100 m.kr. að nafnverði í tilteknum flokki (viðskipti tilgreind "AUTO") er honum heimilt að víkja frá hámarksmun kaup- og sölutilboða það sem eftir lifir viðskipadags.

Viðskiptavaki heimilar Lánasjóði sveitarfélaga aðgang að upplýsingum um tilboð og viðskipti sín í OMX Nordic Exchange á Íslandi með þá flokka skuldabréfa lánasjóðsins sem undir samning þennan falla.

3. gr.

Greiðsla og útreikningur þóknunar

Til ráðstöfunar fyrir alla viðskiptavakana eru samtals 24 milljónir króna, sem lánasjóðurinn greiðir viðskiptavaka tvisvar á ári, 12 milljónir í hvort sinn, á meðan á samningstímanum stendur, miðað við eftirfarandi forsendur:

- a) 9 milljón króna þóknun sem skiptist jafnt milli viðskiptavaka eftir fjölda þeirra. Ef einhver viðskiptavaki bætist í hópinn þegar liðið er á tímabilið eða hættir þegar liðið er á það skal hann hljóta hlutfallslega þóknun í samræmi við það tímabil sem hann sinnir viðskiptavaktinni.

- b) 3 milljón króna þóknun sem reiknuð er af markaðshlutdeild í viðskiptum allra viðskiptavaka í OMX Norrænu kauphöllinni á Íslandi (viðskipti tilgreind „AUTO“) með þá flokka sem tilgreindir eru í 4. gr. næstliðna sex almanaksmánuði.

Uppgjör og greiðsla þóknunar skv. ofangreindu á sér stað tvisvar á ári þann 21. júní og 21. desember ár hvert.

Lánasjóður sveitarfélaga greiðir þátttakendum í útboði 0,5% þóknun af söluverði þeirra skuldabréfa sem viðkomandi kaupir í hverju útboði.

4. gr.

Flokkar skuldabréfa

Skuldabréfaflokkurinn sem samningur þessi nær til varðandi viðskiptavakt á eftirmarkaði er **LSS150224**.

5. gr.

Áhrif markaðstruflana

Ef alvarleg truflun verður á markaði getur lánasjóður sveitarfélaga að undangengnum símafundi og að fenginni umsögn viðskiptavaka, fellt einstök ákvæði þessa samnings tímabundið úr gildi.

Viðskiptavaka er jafnframt heimilt að falla frá skyldum sínum skv. samningi þessum til þess að leggja fram kaup- og sölutilboð, tímabundið eða varanlega, hvenær sem er á samningstímanum ef markaðsaðstæður eru með þeim hætti að verðmyndum með skuldabréfin í kauphöll OMX Nordic Exchange á Íslandi eru óviss, hrun verður á markaði, viðskipti er stöðvuð tímabundið eða þeim hætt eða ef staða Lánasjóðs sveitarfélaga er þannig háttað að óvissa er um getu hans til þess að standa við greiðsluskuldbindingar sínar.

6. gr.

Samskipti og upplýsingagjöf

Samningsaðilar skulu senda tilkynningar sín á milli vegna samnings þessa með faxi eða tölvupósti til neðangreindra aðila, nema annað sé sannanlega tilkynnt:

XXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXX:

Heimilisfang: xxxxxxxxxxxxxx

Tengiliður: xxxxxxxxxxxx

Netfang: xxxxxxxxxxx

Faxnúmer: xxxxxxxxxxx

Tilkynningar til Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.:

Heimilisfang: Borgartúni 30, 128 Reykjavík

Tengiliður: Egill Skúli Þórólfsson

Netfang: egill@samband.is

Faxnúmer: 515 4903

Tilkynningar sendar í samræmi við ofangreindar reglur skulu teljast komnar til móttakanda þegar þær hafa verið sendar. Sé tilkynning send utan hefðbundins skrifstofutíma skal tilkynningin teljast komin til móttakanda við upphaf næsta viðskiptadags.

7. gr.

Fyrirgreiðsla til viðskiptavaka

Lánasjóðurinn veitir viðskiptavökum sérstaka fyrirgreiðslu og eru reglur um hana í viðauka sem fylgir þessum samningi og heldur gildi sínu á meðan samningur þessi er í gildi. Fyrirgreiðslan felst í því að viðskiptavakar mega einir fá sérstök verðbréfalán hjá sjóðnum, gegn tryggingu.

8. gr.

Kaup útgefanda á eigin bréfum

Til þess að styðja við eðlilega verðmyndun getur Lánssjóðurinn keypt skuldabréf sín af viðskiptavökum og skal hann gefa þeim öllum færi á að bjóða bréf til sölu.

9. gr.

Tilkynning til OMX Nordic Exchange á Íslandi

Tilkynna skal um samning þennan til kauphallar OMX Nordic Exchange á Íslandi í samræmi við ákvæði 2. mgr. 116. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Tilkynningin skal innihalda eftirfarandi upplýsingar um samninginn: lágmarksfjárhæð kaup- og sölutilboða, hámarksfjárhæð heildarviðskipta dag hvern, hámarksmun á kaup- og sölutilboðum og hvernig viðskiptavaki hyggst að öðru leyti fullnægja skyldum sínum samkvæmt samningnum.

10. gr.

Ábyrgð

Aðilar samningsins eru undanþegnir ábyrgð á tjóni, beinu eða óbeinu, sem stafar af óviðráðanlegum atvikum (Force Majeure), s.s. breytingu á lögum, aðgerðum yfirvalda, náttúruhamförum, hryðjuverkum, styrjöldum, rafmagnsleysi, bilun á fjarskiptasambandi, atvikum sem valda vatnstjóni, eldsvoða, verkfalli, hafnbanni, viðskiptabanni eða verkabanni. Að því er varðar verkfall, hafnbann, viðskiptabann og verkabann gildir ofangreind undanþága frá ábyrgð jafnvel þó aðili samningsins sé sjálfur þolandi eða gerandi í slíkri aðgerð.

Ef aðila er ekki unnt að efna skyldur sínar samkvæmt samningi þessum, að hluta til eða öllu leyti, vegna óviðráðanlegra atvika, sbr. 1. málsgrein, er aðila heimilt að fresta því að efna þær skyldur þar til honum er það kleift.

Samningsaðili ber ekki ábyrgð á tjóni sem hann kann að valda gagnaðila sínum í tengslum við samning þennan ef fyrrnefndur samningsaðili hefur hegðað sér í samræmi við almennt viðurkenndar hegðunarreglur. Samningsaðili er einnig undanþeginn ábyrgð í öðrum tilvikum í samræmi við almennar reglur um skaðabætur.

11. gr.

Gildistími og uppsögn samnings

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og er ótímabundinn. Telji annar samningsaðilinn að alvarleg brot hafi verið gerð á samningi þessum getur hann sagt honum upp án fyrirvara, sbr. og ákvæði 5. gr. Aðilar samnings þessa geta hvor um sig sagt honum upp hvenær sem er með einnar viku fyrirvara án þess að nefna fyrir því sértakar ástæður.

Lánasjóður sveitarfélaga áskilur sér rétt til að gera samhljóða samninga við nýja viðskiptavaka á samningstímanum og myndi slíkur samningur gilda frá undirskrift og ekki vera afturvirkur hvað varðar hlutdeild í þóknunum. Öðrum viðskiptavökum skal tilkynnt um slíka samninga samdægurs.

Reykjavík, 19. desember 2008

F.h. Lánasjóðs sveitarfélaga

F.h. xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx.
